

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/57/EB

2002/EES/31/15

frá 22. september 2000

**um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á annars vegar ávöxtum og matjurtum og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarks magn í og á ávöxtum og matjurtum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/24/EB <sup>(2)</sup>, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/42/EB <sup>(4)</sup>,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/10/EB <sup>(6)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE bera aðildarríkin ábyrgð á því að leyfa plöntuvarnarefni til notkunar á tiltekna plöntur. Slík leyfi skulu byggjast á mati á áhrifum á heilbrigði manna og dýra og áhrifum á umhverfið. Við matið skal meðal annars taka tillit til hugsanlegra váhrifa á þá sem nota efnið og aðra nálæga, áhrifa á umhverfi á landi, í vatni og í lofti, auk áhrifa á menn og dýr sem neyta meðhöndlaðra plantna sem innihalda efnaleifar.
- 2) Þegar um er að ræða afurðir úr jurtaríkinu, þar með taldir ávextir og grænmeti, svarar leyfilegt hámarks magn leifa yfirleitt til notkunar á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur, þannig að leifarnar verði eins litlar og mögulegt er og viðunandi frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, einkum með tilliti til umhverfisverndar og að því er varðar það magn sem áætlað er að berist með fæðu.
- 3) Leyfilegt hámarks magn leifa er ákvarðað við lægri mörk greiningarákvörðunar ef leyfileg notkun plöntuvarnarefnis hefur ekki í för með sér greinanlegar

varnarefnaleifar í eða á matvælunum eða ef engin notkun er leyfð eða ef notkun, sem aðildarríkin hafa leyft, hefur ekki verið studd nægjanlegum gögnum eða ef notkun í þriðju löndum, sem hefur í för með sér efnaleifar í eða á matvælum sem kunna að fara í dreifingu á markaði bandalagsins, hefur ekki verið studd nægjanlega traustum gögnum.

- 4) Stöðugt ber að endurskoða leyfilegt hámarks magn varnarefnaleifa. Heimilt er að breyta magninu með tilliti til nýrrar notkunar, nýrra upplýsinga og gagna og fyrst og fremst ber að endurmeta það með skjóttum hætti með tilliti til þess að minnka það ef framkvæmdastjórninni er bent á vanda vegna fæðutengdra váhrifa á neytendur er byggist á nýjum eða endurskoðuðum upplýsingum, einkum við framkvæmd 4. gr. tilskipunar 76/895/EBE og 8. gr. tilskipunar 90/642/EBE.
- 5) Framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um nýja eða breytta notkun varnarefna sem falla undir þessa tilskipun. Lagt hefur verið mat á þær upplýsingar sem lagðar eru þeirri notkun til grundvallar og er því rétt að breyta leyfilegu hámarks magni leifa sem tilgreint er í viðaukunum við tilskipanirnar.
- 6) Ævilöng váhrif á neytendur þessara varnarefna í matvælum, sem kunna að innihalda leifar þeirra, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem er farið eftir innan Evrópubandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út <sup>(7)</sup> og reiknað hefur verið út að hámarks magn leifa, sem ákvarðað er í þessari tilskipun, gefi ekki tilefni til þess að farið sé yfir þennan viðtekna dagskammt.
- 7) Bráð váhrif á neytendur þessara varnarefna með hverri matvælategund, sem kann að innihalda leifar þeirra, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem nú er farið eftir innan Evrópubandalagsins, að teknu tilliti til þeirra tilmæla sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út, en engin bráðatilvik hafa greinst.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 76, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2001 frá 23. nóvember 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 18.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 340, 9.12.1976, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 107, 4.5.2000, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 158, 30.6.2000, bls. 51.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 57, 2.3.2000, bls. 28.

<sup>(7)</sup> Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefna-leifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

- 8) Með ákvæðum 4. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB <sup>(1)</sup> um hámarks magn varnarefnaleifa var leyfilegt hámarks magn leifa ákveðið til bráðabirgða fyrir vínklósólín í nokkrum hrávörum uns endurskoðað, leyfilegt hámarks magn hefur verið ákveðið fyrir allar landbúnaðarvörur á grundvelli mats samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Matinu hefur enn ekki verið lokið. Samt sem áður er rétt að draga úr váhrifum af leifum vínklósólíns á neytendum með því að minnka leyfilegt hámarks magn leifa vínklósólíns í tilteknum hrávörum. Einnig er rétt að hið endurskoðaða magn verði ákveðið til bráðabirgða þar til áður nefndu mati er lokið.
- 9) Öll varnarefni, sem hámarks magn leifa er ákveðið fyrir með þessari tilskipun, ber að meta innan ramma tilskipunar 91/414/EBE. Leyfilegt hámarks magn leifa, sem er ákveðið með þessari tilskipun, ber að endurskoða í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar sem kunna að verða teknar að loknu matinu sem fer fram samkvæmt 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE.
- 10) Ráðgjafi hefur verið við viðskiptalönd bandalagsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um það magn sem ákvarðað hefur verið í þessari tilskipun og athugasemdir þeirra teknar til greina. Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort unnt sé að setja vikmörk fyrir leyfilegt hámarks magn leifa tiltekinnna samsetninga varnarefna og plantna, þegar um innflutning er að ræða, á grundvelli fullnægjandi, framlagðra gagna.
- 11) Tekið er tillit til álags vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um vernd þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum.
- 12) Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE komi „10“ í stað „3“ fyrir fólpet í vínberjum.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE:

1. Fyrir malínhyðrasíð í gulrótum og nípum komi „30“ í stað „1“.

2. Fyrir glýfosat í baðmullarfræjum komi „10“ í stað „0,1“.
3. Fyrir díþíókarbamötin maneb, mankóseb, metífram, própíneb og síneb í ólífum komi „5“ í stað „0,05“.
4. Fyrir varnarefnaleifar tvífenýlamíns skal setja inn eftirfarandi leyfilegt hámarks magn:
 

epli:	5 mg/kg,
perur:	10 mg/kg,
allar aðrar hrávörur:	0,05* mg/kg ef það eru lægri mörk greiningarákvörðunar.
5. Fyrir vínklósólín í tómötum og ferskjum komi „0,05\*\*“ og „0,05\*\*\*“ í stað „3“ og „2“. Þessi endurskoðuðu gildi eru ákveðin til bráðabirgða.

## 3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. mars 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2001.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

## 4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkanna.

Gjört í Brussel 22. september 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttö. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25.